

## Afkomutrygging A3

### Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
  - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
  - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framur ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framur almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framur almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Hugtaka- og orðaskilgreiningar

**Félagið:** Merkir Sjóvá-Almennar líftryggingar hf.

**Vátryggingartaki:** Sá sem gert hefur samning við félagið.

**Vátryggður:** Sá sem tryggður er.

**Iðrunarréttur:** Vátryggður hefur 30 daga frest til að segja vátryggingunni upp eftir að hún tók gildi. Verði vátryggingunni sagt upp innan þess tíma ber vátryggðum að greiða iðgjald fyrir þann tíma sem hann var vátryggður.

## Efnisyfirlit

---

1. gr.	Grundvöllur samnings og gildistími.....	3
2. gr.	Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar.....	3
3. gr.	Vátryggingafjárhæðir .....	3
4. gr.	Gildissvæði.....	3
5. gr.	Áhættubreyting .....	3
6. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði .....	4
7. gr.	Takmörkun á bótaskyldu .....	4
8. gr.	Skilgreining á bótarétti.....	4
9. gr.	Ráðstafanir vegna heilsutjóns .....	5
10. gr.	Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar:.....	5
11. gr.	Upphaf og lok bótagreiðslna.....	5
12. gr.	Greiðsla bóta úr vátryggingunni.....	5
13. gr.	Frestur til að tilkynna um vátryggingaratburð .....	6
14. gr.	Fyrning .....	6
15. gr.	Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu .....	6
16. gr.	Reglur um breytingar á iðgjöldum og vátryggingarbótum .....	6
17. gr.	Vísitöluákvæði .....	6
18. gr.	Breyting á iðgjaldagrundvelli .....	7
19. gr.	Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum .....	7
20. gr.	Ágreiningur.....	7
21. gr.	Varnarþing.....	7
22. gr.	Þagnarskylda - Vernd persónuupplýsinga.....	7

## 1. gr. Grundvöllur samnings og gildistími

Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarbeiðninni og önnur gögn sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar, hafi ábyrgð félagsins fallið niður eða takmarkast og þess hefur verið óskað að váttryggingin taki gildi aftur.

Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur móttengið útfyllta og undirritaða umsókn og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vottorð þannig að unnt sé að gefa út skírteini samkvæmt reglum félagsins um áhættumat og endurtryggingu. Semja má skriflega um annan gildistöktíma. Samningstími váttryggingarinnar er skráður í váttryggingarskírteinið.

Váttryggingin gildir frá útgáfudegi og til þess tíma sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini, þó ekki lengur en til 65 ára aldurs váttryggðs.

## 2. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

### Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

### Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

## 3. gr. Váttryggingarfjárhæðir

Við töku váttryggingarinnar skal þess gætt að váttryggingarfjárhæðin sé í eðlilegu samræmi við þann tekjumissi sem váttryggður kann að verða fyrir við fulla skerðingu starfsorkunnar. Skulu þá hafðar í huga m.a. greiðslur frá vinnuveitanda, almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Félagið áskilur sér rétt til þess að óska staðfestingar á ofangreindu.

Hafi váttryggður í upphafi aðrar váttryggingar sem greiða bætur vegna heilsubreysts skal hann upplýsa um þær. Óski félagið síðar eftir staðfestingu á því hvort váttryggður hafi keypt slíkar váttryggingar eftir að afkomutryggingin tók gildi skal váttryggður upplýsa um þær.

Í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun er getið um váttryggingarfjárhæðir.

## 4. gr. Gildissvæði

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Ef váttryggður dvelst erlendis í meira en 13 vikur samfelld skal það tilkynnt félaginu sem tekur ákvörðun um hvort og þá með hvaða skilmálum váttryggingin getur gilt áfram.

## 5. gr. Áhættubreyting

Iðgjald váttryggingarinnar er háð starfi, aldri og kyni váttryggðs. Iðgjaldið breytist árlega við endurnýjun. Ef iðgjald greiðist oft en einu sinni á ári, hækka síðari greiðslur í sama hlutfalli og váttryggingarfjárhæðin.

Sérhverja breytingu á starfi váttryggðs er varðar áhættu félagsins ber að tilkynna tafarlaust en félagið sendir staðfestingu um breytingarnar.

Taki félagið á sig váttrygginguna með öðrum kjörum reiknast nýtt iðgjald frá þeim degi er áhættubreytingin varð. Taki félagið ekki á sig váttrygginguna fellur hún niður frá þeim degi er áhættubreytingin varð og endurgreiðist iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu. Láti váttryggður hjá líða að gefa slíka tilkynningu gildir ákvæði 88. gr. laga nr. 30/2004. Það þýðir að bótagreiðslur gætu fallið niður eða orðið

læгри en váttryggingafjárhæð skírteinis segir til um, enda hefði félagið hafnað váttryggingu eða veitt álag á iðgjald hefði því verið kunnugt um hið nýja starf.

Hætti váttryggður í launuðu starfi skal það þegar í stað tilkynnt félaginu sem áskilur sér rétt til tafarlausrar uppsagnar váttryggingarinnar. Mun félagið þá endurgreiða iðgjaldið fyrir þann hluta váttryggingartímabilsins sem eftir er.

## 6. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

### Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

### Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

## 7. gr. Takmörkun á bótaskyldu

Váttryggingin tekur ekki til skerðingar á starfsorku váttryggðs, ef hún stafar beint eða óbeint af völdum:

- Stríðs, óeirða, uppþota, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna.
- Ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði.
- Sjúkdóms sem má rekja til neyslu lyfja, áfengis eða annarra ávana- eða fíkniefna.
- Slyss eða sjúkdóms, sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi nema félagið hafi vitað um það við gildistökuna og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það.
- Hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

### Önnur takmörkun bótaskyldu

Váttryggingin tekur ekki til skerðingar á starfsorku sem er afleiðing af þátttöku váttryggðs í:

- Keppni eða við undirbúning keppni í hvers kyns íþróttum.
- Hnefaleikum, drekaflugi, akstursíþróttum, svifflugi, fallhlífarstökki eða teygjustökki.
- Flugum nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila, sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- Fjallaklifri, bjargsigi eða froskköfun.

## 8. gr. Skilgreining á bótarétti

Réttur til bóta stofnast ef færni váttryggðs til að afla tekna skerðist af völdum sjúkdóms eða slyss svo sem segir í skilmálum þessum. Vinnufærni váttryggðs er talin skert ef hann er ekki talinn fær um að afla þeirra tekna sem teljast vera eðlilegar fyrir mann á sama aldri með óskerta starfsorku, svipaða menntun og verkunnáttu.

Ef færni váttryggðs til að afla tekna skerðist um 67% eða meira á hann rétt á að fá greiddar fullar bætur í samræmi við gildandi váttryggingarfjárhæð. Jafnframt fellur niður skylda til greiðslu iðgjalds frá næsta gjalddaga eftir váttryggingaratburð.

Ef færni váttryggðs til að afla tekna skerðist um 40% til 67% á hann rétt á að fá greiddar bætur sem miðast við prósentutölu starfsorkuskerðingarinnar. Jafnframt lækka iðgjaldagreiðslur um helming frá næsta gjalddaga eftir váttryggingaratburð.

Ef starfsorkuskerðing váttryggðs er undir 40% á hann hvorki rétt á greiðslu bóta né niðurfellingu iðgjaldagreiðslna.

## 9. gr. Ráðstafanir vegna heilsutjóns

Vátryggður skal leita læknis strax eftir að heilsutjón hefur borið að höndum, samþykka að gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í einu og öllu að fyrirmælum læknis.

Félagið hefur rétt til að láta ráðgjafalækni sinn skoða vátryggðan. Tilkynna skal félaginu um heilsutjón án tafar á þar til gerðum eyðublöðum.

Félagið hefur hvenær sem er rétt til þess að krefjast allra þeirra vottorða og gagna sem það telur nauðsynlegt til að sannreyna greiðsluskyldu sína samkvæmt vátryggingu þessari.

## 10. gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar:

Félagið greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati félagsins nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr vátryggingunni. Í þessu felst, að félagið greiðir án sérstaks samþykkis fyrir hefðbundin læknisvottorð, svo sem áverkavottorð, einfalt vottorð um óvinnufærni og lokavottorð. Auk þessa greiðir félagið kostnað vegna annarra vottorða, sem félagið telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Jafnframt greiðir félagið fyrir mat á örorku skv. skilmálum þessum, þó ekki ef bersýnilegt er að örorka nái ekki tilskildu lágmarki. Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaástoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna vátryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

## 11. gr. Upphaf og lok bótagreiðslna

Bótagreiðslur hefjast hafi vátryggður verið óvinnufær vegna heilsutjóns, eins og segir í skilmálum þessum, óslitið fullan biðtíma, þann sem skráður er á vátryggingarskírteinið, en biðtími er það tímabil sem á að líða áður en bótagreiðslur hefjast. Biðtími þessi telst hefjast frá þeim degi er vátryggður leitaði fyrst til læknis vegna heilsutjónsins.

Ákvörðun um lengd bótatímabils er tekin með hliðsjón af heilsufarsskýrslu læknis vátryggðs svo og umsögn ráðgjafalæknis félagsins ef þurfa þykir.

Að loknu ofangreindu tímabili verður ákveðið hvort greiðslur skuli halda áfram.

Ef talið er að vátryggður sé vinnufær, en hann hefur ekki störf að nýju, skal fara fram nýtt mat á skerðingu starfsorkunnar. Slíkt mat miðast fyrst og fremst við að áætla möguleika vátryggðs að snúa aftur til sama starfs og hann hafði áður eða hugsanlega annars starfs.

Ef talið er að vátryggður geti ekki snúið aftur til sama starfs, heldur aðeins til annars starfs, mun félagið taka tillit til hins nýja starfs í mati sínu á því hvort bótagreiðslum skuli hætt eða ekki. Við mat á möguleikum vátryggðs til að takast á hendur annað starf skal miða við starf sem eðlilegt má telja að hann takist á hendur miðað við aldur hans, menntun og verkkunnáttu.

Bótagreiðslum er haldið áfram þangað til úr ofangreindu hefur verið skorið, t.d. að lokinni þjálfun til annars starfs.

Bótagreiðslum lýkur í síðasta lagi í lok þess mánaðar sem vátryggður nær 65 ára aldri eða ef vátryggður:

- Snýr aftur til þess starfs sem hann hafði áður eða til annars starfs og tekst þannig að vinna fyrir meira en 60% af fyrri tekjum.
- Hefur fengið þjálfun til annars starfs, þar sem honum tekst að vinna fyrir meira en 60% af fyrri tekjum.
- Deyr áður en bótatíma lýkur eða þegar skerðing á færni vátryggðs til að vinna fyrir sér er ekki nægileg að mati félagsins og hann snýr ekki aftur til fyrra starfs eða hafnar að undirgangast viðeigandi þjálfun til annars starfs.

Skerðist starfsorka vátryggðs á ný vegna sams konar heilsutjóns og áður hafði leitt til greiðslu bóta úr vátryggingu þessari áður en 13 vikur eru liðnar frá því að bætur féllu niður vegna sýnilegs bata vátryggðs, hefjast bótagreiðslur á ný þegar í stað án tillits til biðtíma.

## 12. gr. Greiðsla bóta úr vátryggingunni

Félagið greiðir vátryggingarbætur strax þegar það hefur fengið nauðsynlegar upplýsingar sem gera því kleift að ganga úr skugga um ábyrgð þess og fjárhæð þá sem greiða ber.

Greiðslan miðast við þá fjárhæð sem í gildi er þegar váttryggingaratburðurinn verður, nema annað sé tilgreint í þeim almennu eða sérstöku skilmálum sem gilda um váttrygginguna.

Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

### 13. gr. Frestur til að tilkynna um váttryggingaratburð

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

### 14. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fymast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

### 15. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

#### Iðgjaldið

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Iðgjald ræðst af gildandi iðgjaldaskrá félagsins. Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi. Síðari iðgjöld falla í gjalddaga á fyrsta degi hvers endurnýjunartímabils. Greiðslufrestur skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem félagið sendi tilkynningu um greiðslu til váttryggingartakans.

Krafa um greiðslu iðgjalds verður send váttryggingartaka á það heimilisfang, sem hann hefur tilkynnt félaginu. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu.

Breytingar á heimilisfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

#### Vanskil

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar niður, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Ef váttryggður vill fá váttrygginguna í gildi aftur verður hann að fylla út nýja umsókn, sem er metin af félaginu hverju sinni.

#### Uppgjör ef samningi er slitið á váttryggingartímabilinu

Ef váttryggingarsamningnum er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem váttryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar váttryggingaratburður hefur orðið á váttryggingartímabilinu sem veitir rétt til greiðslu váttryggingarfjárhæðarinnar. Félagið endurgreiðir þó ekki iðgjald fyrstu þriggja mánaðanna frá útgáfu váttryggingarinnar.

### 16. gr. Reglur um breytingar á iðgjöldum og váttryggingarbótum

Fjárhæð bótagreiðslna reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæðar á þeim degi er váttryggingaratburður á sér stað en breytist á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu, nema um annað sé samið. Verði breyting á grundvelli vísitölu neysliverðs eða útreikningi hennar hætt skal taka mið af möguleikum félagsins á ávöxtun sjóða þegar tekin er ákvörðun um niðurfellingu eða breytta vísitöluviðmiðun váttrygginganna. Slík breyting er háð samþykki Fjármálaeftirlits.

### 17. gr. Vísitöluákvæði

Innan hvers váttryggingarárs hækkar váttryggingarfjárhæðin á þriggja mánaða fresti í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs. Útreikningur miðast við vísitölu mánaðarins áður en váttryggingin eða hækkan váttryggingarfjárhæðarinnar tekur gildi.

Lækki vísitalan þá hefur það ekki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæðinni.

## 18. gr. Breyting á iðgjaldagrundvelli

Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldaskrá ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur vátryggingarinnar reynast aðrar en ætlað var í tæknilegum grundvelli vátryggingarinnar. Allar slíkar breytingar eru lagðar fyrir Fjármálaeftirlitið áður en þær taka gildi.

## 19. gr. Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef vátryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;

Vátryggingartaki getur slitið samningnum hvenær sem er, 1. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004.

## 20. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum [www.fme.is](http://www.fme.is) og [www.sjova.is](http://www.sjova.is), auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

## 21. gr. Varnarþing

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 22. gr. Þagnarskylda - Vernd persónuupplýsinga

Farið er með upplýsingar um vátrygginguna sem trúnaðarmál.

Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna vátryggingar þessarar aðeins við mat á vátryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á vátryggingavernd og veita vátryggingartaka ráðgjöf um val á vátryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til vátryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

**Skilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006**

[Efst á skjal](#)